

Selfossi 31.10.2023

Haraldur Þór Jónsson  
Oddviti / Sveitarstjóri  
Árnes 801 Selfoss


### Efni: kynning á skógrækt í Þjórsárdal

Skógræktin hefur á undanförnum árum unnið að gróðursetningu í Þjórsárdal í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Áhersla á kolefnisbindingu með skógrækt hefur aukist og Skógræktin hefur tekið upp samstarf við ýmsa aðila og fyrirtæki um slík verkefni.

Í Þjórsárdal hefur m.a. verið samstarf við Landlife company sem er hollenskt fyrirtæki sem sérhæfir sig í að binda kolefni með skógrækt víða um heim. Í tengslum við þetta samstarf hefur verið gróðursett í svæði á Vikrunum í Þjórsárdal á síðustu þremur árum á landi sem áður var örfoka, en hefur verið grætt upp að stærstu leyti á síðustu áratugum. Landið er skilgreint á aðalskipulagi sem landgræðslu- og skógræktarsvæði og var búið að gera tilraunir með gróðursetningu í minni lundi á svæðinu síðustu áratugi. Ákveðið var í samstarfi við fyrirtækið að gróðursetja árin 2021 og 2022 ýmsar trjátegundir í ógróðursett svæði þ.e. eyður milli þegar uppvaxinna lunda. Birki var gróðursett í jaðra svæðisins auk ýmissa hraðvaxnari trjátegunda. Markmiðið er auk kolefnisbindingarinnar að græða landið nokkuð samfelldum skógi sem mun skapa varanlega vörn fyrir sandfoki af Vikrunum og hlífa þeirri uppbryggingu sem er að fara af stað í Þjórsárdal, þ.e. stækkun tjaldsvæða og uppbryggingu á þjónustumíðstöð. Gera má ráð fyrir að skógarnir bindi tugi þúsunda tonna af CO<sub>2</sub> á næstu áratugum sem talin verða fram í loftslagsbókhaldi Íslands. Þeir munu einnig draga úr áhrifum öskufoks í kjölfar eldgosa á Heklu hlífa þeirri uppbryggingu í ferðaþjónustu sem fyrirhuguðu er á svæðinu. Á meðfylgjandi korti sjást gróðursetningarsvæðin og eldri trjáreitir sem þegar var búið að gróðursetja í áður en þetta verkefni hófst.

Með bréfi þessu vill Skógræktin kynna þessi verkefni fyrir sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps. LandLife company hefur nokkuð strangar reglur og innra eftirlit með verkefnum sínum, og hefur óskað eftir því að fyrir liggi að sveitarstjórn sé bæði meðvituð og samþykk umræddu skógræktarverkefni. Hér með óskar Skógræktin eftir því að sveitarstjórn fjalli um málið.

Fyrir hönd Skógræktarinnar  
Hreinn Óskarsson, sviðsstjóri Þjóðskóga



## Skýring

Gróðursetningarár

- 2021
- 2022
- Eldri gróðursetning

0      0,25      0,5 km



Uppdráttur af nýjum skógræktarsvæðum á landi Skriðufells auk eldri svæða sem gróðursett hefur verið í á undanförnum áratugum m.a. í tengslum við Hekluskóga.